

**66. þing
Sundsambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025**

Þingskjal nr: 2025 – 11

Tillaga frá stjórn SH fyrir sundþing 2025:

SH leggur til nafnabreytingu á Aldursflokkeistaramóti Íslands.

Í stað þess að heita Aldursflokkeistaramót Íslands (AMÍ) þá muni mótið heita Íslandsmeistaramót aldursflokka. Í töluðu máli væri enn talað um AMÍ en opinbera heitið væri Íslandsmeistaramót aldursflokka.

Skilgreining: Þar sem almennur skilningur á nafninu aldursflokkeistaramót er mjög takmarkaður utan sundhreyfingarinnar er tillagan lögð fram með það að leiðarljósi að auðvelda bæði félögum og SSÍ að sækja styrki vegna mótsins, t.d. ferðastyrki, ásamt því að tryggja að okkar afreksfólk geti með sannni titlað sig Íslandsmeistara líkt og jafnaldrar þeirra í flestum öðrum íþróttagreinum.

Lög og reglugerðir SSÍ eftir sundþing 2023 (apr2024)

II. Kafli - Almenn ákvæði Sundsambands Íslands (bls. 13, útg. 25. júní 2023)

2.6 Óheimilt er að stofna til annarrar keppni í sundíþróttum á vegum sambandsaðila þá daga sem ofangreind mót fara fram. Stjórn SSÍ er heimilt að breyta nafni móts þannig að það tengist nafni eða vörumerki styrktaraðila þegar styrktaraðili tekur að sér að styrkja tiltekið mót. Heiti móts skal ávallt innihalda nafn/auðkenni Sundsambands Íslands.